

## AUGLÝSING

### um staðfestingu breytinga á áður staðfestu deiliskipulagi íbúðahverfis við Bergvík, Kjalarneshreppi.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Kjalarneshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 4. júní 1986, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, breytingar á áður staðfestu deiliskipulagi íbúðahverfis við Bergvík frá 30. október 1975.

Breytingarnar eru þessar:

1. Gatnamót við Þjóðveg, Brautarholtsveg og tengibraut breytast.
2. Staðsetning og aðkoma að verslun breytist.
3. Ný bensinstöð er staðsett upp við Þjóðveg.
4. Íbúðalóðir upp við Brautarholtsveg. Breytast og verða fyrir léttan iðnað.
5. Lóðir fyrir þjónustuiðnað upp við Þjóðveg hverfa.
6. Raðhúsalóð breytist í parhúsalóðir.
7. Nýjar lóðir fyrir íbúðir og handverk eru staðsettar við Bergvík.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. júní 1986.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Pórhildur Líndal.*

## AUGLÝSING

### um erlend lán vegna útflutningsafurða.

Í samræmi við 19. gr. reglugerðar um gjaldeyris- og viðskiptamál nr. 519/1979 hefur viðskiptaráðuneytið í samráði við Seðlabanka Íslands sett eftirfarandi reglur um erlend lán vegna útflutningsafurða:

1. Sölusamtökum, einstökum framleiðendum eða útflytjendum er heimilt að taka lán erlendis til að fjármagna útflutning afurða eða útflutningsbirgðir og flýta þannig fyrir skilum á andvirði útflutnings.
2. Lánin mega ekki vera erlend endurlán hérlendra innlánsstofnana né annarra hérlendra fjármögnunarstofnana eða með ábyrgð þeirra. Innlánsstofnunum er þó heimilt að kaupa af útflytjendum kröfur, sem orðið hafa til vegna útflutnings, eða lána út á slíkar kröfur, og afla erlends fjármagns í þessu skyni með sama hætti og áður hefur tíðkast. Þessi heimild sé þó eingöngu notuð, þegar útflytjendur, eða samtök þeirra, eru ekki með nein erlend lán í gangi vegna sama lánatilefnis.
3. Þegar erlent lán hefur verið tekið vegna seldra afurða eða birgða veita íslenskar innlánsstofnanir ekki afurða- eða rekstrarlán vegna sömu afurða eða lánatilefnis.
4. Áður tekin afurða- eða rekstrarlán í hérlendum innlánsstofnunum skulu greiðast upp að fullu, þegar erlent lán er tekið vegna sömu afurða eða lánatilefnis. Líta ber á andvirði útflutningsláns sem gjaldeyris-skil skv. alm. reglum þar um sjá 7. lið með áhvílandi frádrætti og skyldugreiðslum, sem innlánsstofnun sér um að færa. Hafi framleiðandi eða útflytjandi skuldbundið sig til að greiða innlánsstofnun eða fjárfestingarlánasjóði hluta af útflutningsandvirði, skulu nýir samningar um þetta frágengnir, áður en útflutningslán